

MENNING

Sendiboðar í Deiglu

Djasshljómsveitin Sendiboðarnir, með Erik Qvick trommara fremstan í flokki, leikur tónlist Arts Blakey í Deiglu á Akureyri annað kvöld. Sendiboðarnir eru, auk Eriks, þeir Snorri Sigurðarson trompetleikari, Ólafur Jónsson saxófónleikari, píanóleikarinn Agnar Már Magnússon og Þorgrímur Jónsson bassaleikari.



Mar

Helga Sigurðardóttir opnar einkasýningu sína, Mar, í Art-iceland.com á morgun. Í tilkynningu um sýninguna segir að í henni fái listamaðurinn innblástur frá hafinu. „Orkan og krafturinn frá hafinu og umhverfi þess er drifkrafturinn í verkunum. Upplifun listamannsins, að hann dvaldi á lítilli suðrænni eyju, koma sterklega fram í skærum litum. Ósjálfrátt kemur þessi lífsreynsla fram í myndunum. Andstæður hafnsins hafa áhrif, annars vegar magnþrungnar fryssandi öldur og hins vegar stemningin sem verður þegar sólin sindrar á spegilslettum haffletinum.“



Kurr í Iðnó

Hljómsveitin Amiina heldur tónleika í Iðnó annað kvöld í tilefni af útkomu fyrstu hljómplötu sveitarinnar, Kurr. Sveitin hefur nýlengi vel heppnuðu tónleikaferðalagi og fékk til dæmis fullt hús, fimm stjórnur, frá tónlistargagnrýnanda The Guardian fyrir tónleika sína í Glasgow nýverið. Sveitina skipa Sólrún Sumarliðadóttir, María Huld Markan Sigfúsdóttir, Edda Ólafsdóttir og Hildur Ársælsdóttir. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og miðar fást á midi.is.



Burtofan og Sósurnar

Hljómsveitin Burtofan hefur tekið upp og gefið út vísur Þórbergs Þórðarsonar um Sósurnar. Ekki er á hreinu hverjir skipa Burtofan, en sveitin mun vera dótturhljómsveit Mempo-his-mafunnar, sem svo er kölluð og hefst við í gamla Hljóðrita í Hafnarfirði. Á heimasíðu sveitarinnar myspace.com/burtofan eru þó tveir kunnir tónlistarmenn nefndir, sem vinir sveitarinnar; þeir Guðmundur Pétursson gítarleikari og Sigurður Guðmundsson oftast kenndur við reggíveitina Hjalma. Lagið má nálgast á fyrrnefndri heimasíðu.

Eins og frægt er orðið var söngvarinn ástsæli, **Ragnar Bjarnason**, útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur á þjóðhátíðardaginn um síðustu helgi. Þeir sem eru ósammála valinu vilja sumir meina að Raggi sé ekki tónlistarmaður heldur „eingöngu“ söngvari. Raggi segir að útnefningin hafi komið sér á óvart og það sé eðlilegt að fólk hafi mismunandi skoðanir.

BORGARLISTAMAÐUR

Ég hef ábyggilega samið ein fimmtán lög. Það eru til dæmis tvö lög á nýrri, alíslenski jóla-plötu sem við Gunnar Þórðarson og Þorgeir Ástvaldsson höfum verið að vinna að að undanförmu,” segir söngvarinn - og tónlistarmaðurinn - Raggi Bjarnason sem útnefndur var borgarlistamaður Reykjavíkur á þjóðhátíðardaginn um síðustu helgi. Skrafað hefur verið um það víða, kannski ekki síst á kaffistofum og blogg síðum, að söngvarinn sé ekki vel að heðrinum kominn þar sem hann hafi ekki látið að sér kveða við sköpun tónlistar og spilamennsku. Raggi sé þannig ekki það mikill „listamaður“ að hann standi undir titlinum borgarlistamaður. „Þetta er alltaf spurning um hvað er list,” segir Raggi. „Það var einu sinni listmálarinn sem var með mér í hljómsveit og vinur minn fór að diskútera list eftir að hafa séð verk sem honum fannst alveg svakalegt. Þá sagði listmálarinn að ef þú bara málar fjögur strik á vegg, þá sé það list. Það er þín list. Þannig að það er svolítið langsótt hvað þetta er.“

Gæti samið meira

Á meðal laganna fimmtán sem Raggi hefur samið eru lögin Barn og Rokk og Cha Cha Cha auk laga á Sumargleðiplötunum. „Barn var upphaflega gert fyrir Savanna-tríó-ið við ljóð Steins Steinars og kom út fyrir um þrjátíu árum,” segir Raggi en vill ekki alveg taka undir það að hann sé jafnvel vanmetinn sem lagasmiður. „Það hefur ekki borið mikið á lagasmíðunum þar sem ég hef ekki gert mikið af þessu. Ég veit eiginlega ekki af hverju, ég gæti svo sem gert meira ef ég sneri mér að þessu.“

Söngur og pólitík

Talað hefur verið um að umræðan í kjölfar útnefningar Ragga hafi að einhverju leyti sprottið upp vegna vinskapar Ragga og Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarstjóra og að söngvarinn hafi tekið lagið á skemmtunum á vegum Sjálfstæðisflokksins. „Ég hef sungið á skemmtunum nánast allra stjórnmálaflokka þannig að ég sé ekki að þetta sé einhver pólitík. En er þetta þá ekki bara eins og pólitík er venjulega, menn eru sammála og ósammála um hlutina?“ Raggi segist ekki



vita hvort samsöngur hans og borgarstjórans á nokkrum elliheimilum á síðasta ári hafi eitthvað með umræðuna að gera. „Nema ég sé bara ekki nógu vinsæll,” segir Raggi og hlær sínum þekktu hlátri. Sárnar þér umræðan? „Nei, nei. Það á að vera deilt um þetta. Sumir hafa þessa skoðun og aðrir hina. Það er bara eðlilegt þjóðfélag.“

kristjanh@dv.is



Efnilegir myndlistarmenn í Listasafni Reykjavíkur:

Reitur Daníels í D-sal

Listasafn Reykjavíkur hefur undanfarið staðið fyrir sýningum í D-sal safnsins. Með sýningunum er ætlunin að vekja athygli á efnilegum myndlistarmönnum, sem ekki hafa áður haldið einkasýningu í stærri söfnum og vinna listamennirnir allir ný verk fyrir salinn. Sýningarnar eru hugsáðar sem framtíðarverkefni Listasafns Reykjavíkur og í lok hvers árs verður sýningunum fylgt eftir með

MYNDLIST

Kunnuglegar tákmyndir

Reitur Daníels er unninn úr ljósi, ljósmyndum og hráum efniviði.

útgáfu sýningarskrár. Sýningarnar eru skipulagðar af sýningarstjórum Listasafns Reykjavíkur. Í dag verður opnuð sýning Daníels Björnssonar, sem vinnur í innsetningu sinni með „kunnuglegar tákmyndir“, en yfirskrift sýningarinnar er Reitur. Reitur Daníels á sýningunni í D-sal er unninn úr ljósi, ljósmyndum og hráum efniviði en í miðju rýmmissins hefur hann reist tré sem í senn skírskotar til skilningstrésins og asks Yggdrasils. Daníel lauk BA-námi í myndlist við Listaháskóla Íslands

árið 2002 og hefur síðan sýnt víða á Íslandi og erlendis. Hann hefur á undanförmum árum verið mjög virkur í starfi ungra myndlistarmanna í Reykjavík, bæði sem gerandi og hreyfikraftur í tengslum við gallerí Kling & Bang. Sýningarstjóri er Ólöf K. Sigurðardóttir, en aðrir listamenn sem sýnt hafa í salnum eru Birta Guðjónsdóttir, Geirþrúður Finnbogadóttir og Sigurður Guðjónsson. Næstur í röðinni er Jóhannes Atli Hinriksson, en sýning hans verður opnuð 16. ágúst.

